

Fjárlaganefnd

Nefndarsvið Alþingis

Sent til nefndarritara:

(nefndarsvið@althingi.is; olafurelfar@althingi.is; jonm@althingi.is)

og allra nefndarmanna

15. desember 2017

Samtök náttúrustofa (SNS) óska eftir því að fjárlaganefnd Alþingis beiti sér fyrir því að náttúrustofur landsins verði efldar. ***Aðkallandi er að tekið verði tillit til alvarlegrar stöðu náttúrustofa í þeirri vinnu sem fram undan er við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2018.*** Það er einkum tvennt sem er afar mikilvægt að verði tekið á:

- a) **Leiðréttu þarf rekstrarframlag allra náttúrustofa um 3 m.kr. á hverja náttúrustofu** þannig að framlagið fylgi verðlagi m.v. þá upphæð sem getið er um í samningi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins við rekstrarsveitarfélög frá árinu 2012. Verði fjárlagafrumvarpið samþykkt óbreytt, verður rekstrarframlag ríkisins til hverrar náttúrustofu 44% minna árið 2018 en það var árið 2008.
- b) **Tryggja þarf verkefnabundin framlög til Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík (10,1 m.kr. í fjárlögum 2017) og Náttúrustofu Norðausturlands á Húsavík (10,7 m.kr. í fjárlögum 2017).** Um er að ræða verkefni sem ráðist var í árin 2008 og 2009 til að efla byggð og samfélag á viðkomandi landssvæðum. Samningur er í gildi milli Náttúrustofu Norðausturlands og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um þá fjárveitingu sem um ræðir. Gerð var tillaga um að fella þessar fjárveitingar niður í því fjárlagafrumvarpi sem síðasta ríkisstjórn lagði fram í haust og fór sú tillaga óbreytt inn í nýútkomið fjárlagafrumvarp núverandi ríkisstjórnar.

Meðfylgjandi er afrit af bréfi sem sent var nýjum umhverfis- og auðlindaráðherra fyrir fund hans með forstöðumönnum náttúrustofa þann 8. desember, sem og minnisblað sem fyrrverandi umhverfis- og auðlindaráðherra, Björt Ólafsdóttir fékk í maí sl. Þar er gerð grein fyrir stöðu náttúrustofa og mikilvægi þeirra í náttúruvæðingum, náttúruvernd og ekki síst í byggðalegu tilliti.

Virðingarfyllt,

Kristín Ágústsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Ingvar Atli Sigurðsson, Ó. Sindri Gíslason, Róbert Arnar Stefánsson, Nancy Bechtloff, Bjarni Jónsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson, forstöðumenn náttúrustofa á Íslandi.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
Umhverfis- og auðlindaráðherra
Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

6. desember 2017

Ágæti ráðherra.

Átta náttúrustofur í Samtökum náttúrustofa (SNS) bjóða þig hjartanlega velkominn til starfa og vonast til að eiga við þig árangursríkt og ánægjulegt samstarf næstu árin. Með þessu bréfi langar okkur að vekja athygli á stöðu náttúrustofa og óska jafnframt eftir að þú beitir þér fyrir því að náttúrustofur landsins verði efldar. ***Aðkallandi er að tekið verði tillit til alvarlegrar stöðu náttúrustofa í þeirri vinnu sem fram undan er við afgreiðslu fjárlaga og viljum við því óska eftir fundi sem allra fyrst, þar sem málefni náttúrustofanna yrðu rædd.***

Um náttúrustofur

Náttúrustofur eru stofnaðar á grunni laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Eftir lagabreytingar árið 2002 færðust stofurnar alfarið undir stjórn sveitarfélaga, sem gert hafa samning við ríkið um rekstur þeirra. Nú starfa um 30 manns í fullu starfi á náttúrustofum allt í kringum landið, en vegna skertra fjárframlaga hefur fækkað í starfsliði þeirra á undanförunum árum frá því sem mest var í kringum 2008. ***Náttúrustofurnar sinna ýmsum mikilvægum verkefnum og er framlag þeirra mikilvægt við rannsóknir á náttúru landins og í náttúruvernd í nærsamfélögum. Samfélagslegt hlutverk náttúrustofa er ekki síður mikilvægt og skipta þær miklu máli í byggðalegu tilliti, en m.a. á þeim grunni var einmitt stofnað til þeirra á sínum tíma.***

Staða náttúrustofa

Samtök náttúrustofa lögðu fram minnisblað á fundi með umhverfis- og auðlindaráðherra þann 24. maí sl. þar sem farið var yfir stöðu náttúrustofa og neikvæða þróun rekstrarframlaga (sjá fylgiskjal). Í stuttu máli hefur þróunin verið á þá leið að ***rekstrarframlagið árið 2017 er um 2 m.kr. lægra að raunvirði en það var þegar núgildandi rekstrarsamningar voru gerðir árið 2012.*** Rýrnun rekstrarframlagsins, sem sveitarfélögin greiða 30% á móti til reksturs, þýðir að ***náttúrustofur sem hafa takmarkaðar utanaðkomandi tekjur eiga í miklum rekstrarvanda sem leiða mun til uppsagna árið 2018 ef ekkert er að gert.***

Verkefnabundin framlög til náttúrustofa hafa lengi verið hluti þeirra fjárveitinga sem þær fá frá ríki en þessar fjárveitingar standa utan við rekstrarsamninga sveitarfélaga. **Lengi vel styrkti fjárlaganefnd Alþingis ýmis verkefni náttúrustofanna árlega en því var hætt árið 2012** þegar nýjir rekstrarsamningar voru undirritaðir. Framlög ríkisins höfðu þá verið skorin grimmt niður frá 2008. **Tvær náttúrustofur, á Vestfjörðum og Norðausturlandi, hafa fengið sérstök verkefnabundin framlög frá 2008 (NAVE) og 2009 (NNA).** Eru þessi verkefni til komin vegna sértækra byggðaaðgerða á þessum landssvæðum. **Í því frumvarpi sem lagt var fyrir Alþingi í haust var lagt til að þessar verkefnabundnu fjárveitingar til NAVE og NNA yrðu skornar niður að öllu leyti. Ef af því verður blasa við uppsagnir starfsfólks á þessum náttúrustofum og því mikilvægt að þessar tillögur rati ekki inn í nýtt fjárlagafrumvarp.**

Samanlagt hefur heildarframlag ríkisins til hvernar náttúrustofu rýrnað um allt að 40% frá árinu 2008.

Framtíðin

Náttúrustofur eru vel í sveit settar og tilbúnar að sinna ýmsum verkefnum fyrir ríkið á sviði vöktunar og annarra rannsókna á náttúrunni. Í nýlegu bréfi umhverfis- og auðlinda-ráðuneytisins til rekstrarsveitarfélaga náttúrustofa um endurnýjun rekstrarsamninga var lagt til að þeir yrðu endurnýjaðir til eins árs 2018 og yrði sá tími nýttur til að fara vandlega ofan í saumana á starfsemi náttúrustofanna. Í því felst tækifæri til að bæta rekstrarumhverfi náttúrustofa og auka um leið skilvirkni og samstarf í náttúrurannsóknum á Íslandi til framtíðar litið. **Við, forstöðumenn náttúrustofa, höfum fulla trú á að bakgrunnur þinn og umhyggja fyrir náttúru Íslands muni leiða til eflingar náttúrurannsókna á Íslandi og hlökkum til samstarfs í þeirri vegferð, enda hafa náttúrustofurnar þar veigamiklu hlutverki að gegna.**

Virðingarfyllst,

Kristín Ágústsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Ingvar Atli Sigurðsson, Ó. Sindri Gíslason, Róbert Arnar Stefánsson, Nancy Bechtloff, Bjarni Jónsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson, forstöðumenn náttúrustofa á Íslandi.

Meðfylgjandi er minnisblað sem afhent var umhverfis- og auðlindaráðherra í vor.

Náttúrustofur - staðan og framtíðarsýn

-minnisblað til umhverfisráðherra

Í lok árs 2017 renna út samningar umhverfis- og auðlindaráðuneytisins (UAR) og nokkurra sveitarfélaga um rekstur náttúrustofa. Hér er gerð grein fyrir stöðu náttúrustofa og mögulegri framtíðarsýn.

Góð reynsla af náttúrustofum

Uppbygging náttúrustofa víðs vegar um landið er vel heppnuð aðgerð bæði út frá sjónarhorni náttúrurannsókna og byggðamála. Sú fyrsta tók til starfa árið 1995 og sú yngsta hóf störf árið 2013. Nýsköpunarkraftur hefur einkennt starf þeirra og starfsmönnum fjölgaði hratt fyrstu árin en undanfarið hefur heldur hægt á þeirri fjölgun. Um síðustu áramót voru starfsmenn stofanna 33, langflestir náttúrufræðingar.

Náttúrustofur hafa haft jákvæð byggðaleg áhrif og með tilkomu þeirra hefur verið hægt að bjóða upp á fjölbreyttari störf fyrir háskólamenntaða víða um land.

Stofurnar sinna mikilvægum rannsóknum á náttúru Íslands og sinna verkefnum á sviði umhverfismála og náttúruverndar og hafa þar verið frumkvöðlar á mörgum sviðum. Þá hafa þær fært viðfangsefni náttúrurannsókna og náttúruverndar nær fólki heima í héraði.

Veik tengsl við umhverfisráðuneytið

Stofurnar voru upphaflega reknar með ríkisaðild og umhverfisráðherra skipaði formann stjórnar þeirra. Þannig voru lágmarkstengsl við ráðuneytið tryggð. Með breytingum á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur árið 2002 var eignarhaldið fært alfarið til sveitarfélaga. Það mun ekki hafa verið tilgangur laganna að draga úr samvinnu náttúrustofa við stofnanir ríkisins með þessari lagabreytingu, heldur einungis að skýra rekstrarlega ábyrgð. Enda voru náttúrustofur álitnar mikilvægar fyrir náttúrurannsóknir og framkvæmd náttúruverndar og er það svo enn að mati núverandi umhverfisráðherra sbr. þingskjal 668 um 347. mál – svar um hlutverk, stöðu og fjármögnun náttúrustofa og rannsóknastörf. Raunin er þó sú að tengsl við ráðuneytið rofnuðu með tilkomu laganna 2002. Náttúrustofur eru olnbogabarn í kerfinu. Þær hafa engan fulltrúa innan ráðuneytis sem hægt er að leita beint til og ráðuneytið virðist ekki alltaf vel upplýst um störf og getu náttúrustofanna.


Neikvæð þróun lögbundinna rekstrarframlaga

Skýrt er kveðið á um hvert grunnframlag ríkisins á að vera, bæði í lögunum frá 1992 m.s.br. og í rekstrarsamningi um náttúrustofur þar sem einnig er kveðið á um að framlag skuli fylgja verðlagi. Rekstrarframlag til einstakra stofa hefur ekki fylgt verðlagi og rýrnað um 40% frá árinu 2008, sem er meiri skerðing en stofnanir sem heyra beint undir UAR hafa þurft að taka á sig. Auk rekstrarframlaga eru tvær náttúrustofur, Náttúrustofa Vestfjarða (NAVE) og

Norðausturlands (NNA), með verkefnasamninga við ríkið sem til eru komnir vegna byggðatengdra aðgerða. Það skilar sér í betri viðstöðu gegn lækkuðum rekstrarframlögum, sem þó hafa einnig þyngt reksturinn hjá þessum stofum.

Tilraunir til að vekja athygli ráðherra, starfsmanna UAR, einstakra þingmanna og þingnefnda á málinu hefur litlum árangri skilað. Á fjárlögum ársins 2016 veitti fjárlaganefnd þó 2,5 milljóna viðbótarfjármagn til hvernar stofu en það féll aftur niður í fjárlögum ársins 2017.

Í svari nýs umhverfisráðherra við fyrirspurn um þróun fjárheimilda til náttúrustofa má sjá að uppreiknað heildarframlag til náttúrustofa hefur lækkað um 12 milljónir á núvirði frá árinu 2008, þrátt fyrir að inni í þessari tölu séu verkefnasamningar við NAVE og NNA sem bættust við árin 2008 og 2009 og stofnun Náttúrustofu Suðausturlands árið 2013. Raunveruleikinn sem blasir við einstökum stofum er sá að grunnframlagið (rekstrarframlagið), sem ríkið greiðir jafn hátt til hvernar náttúrustofu og sveitarfélögin greiða á móti (30%), hefur lækkað um allt að 40% að verðgildi á þessu tímabili (sjá 1.mynd).



1. mynd Þróun heildarframlags til allra náttúrustofa (brotalínur m.v. vinstri ás) og þróun grunnframlags til einstakra stofa (heillína m.v. hægri ás) frá 2008 til 2017 að núvirði. Árin 2008 og 2009 bættust verkefnabundin viðbótarframlög við grunnframlög Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Norðausturlands og árið 2013 tók til starfa Náttúrustofa Suðausturlands. Þessar viðbætur skýra að mestu það að heildarframlag umhverfisráðuneytisins hefur ekki lækkað mikið, þrátt fyrir að grunnframlag einstakra stofa hafi lækkað verulega.

Framtíðarsýnin

1. Leiðréttar rekstrarframlög og fjölga verkefnabundnum framlögum

Mikilvægt er að sú skerðing sem orðið hefur á grunnframlögum ríkisins til reksturs náttúrustofa frá árinu 2009 gangi til baka. Óviðunandi er að sú vegferð, sem hófst með tímabundnu 2,5 m.kr. aukaframlagi árið 2016, skuli hafa verið slegin til baka í fjárlögum ársins 2017.

Fjölga þarf verkefnasamningum tengdum rannsóknum og vöktun á starfssvæðum allra náttúrustofa líkt og gert hefur verið hjá NNA og NAVE. Þar eru sóknarfærin mörg og viðfangsefnin óendanleg. Um leið og það styrkir starfsemi stofanna eflir það byggð vött og breitt um landið. Samvinna er mikilvæg í litlu samfélagi eins og á Íslandi og raunin er sú að alltaf er betra að hafa fleiri en færri stöðir til að byggja á.

2. Tengiliður í umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Æskilegt er að rekstrarformið verði áfram í núverandi mynd, en nauðsynlegt er að styrkja tengslin við UAR. Til mikilla bóta væri ef stofurnar ættu sameiginlegan tengilið innan ráðuneytisins. Sá tengiliður gæti mögulega setið í stjórnun allra náttúrustofa. Samkvæmt gildandi lögum er slíkt stjórnarfyrikomulag þó alfarið undir rekstrarsveitarfélögum komið, enda tilnefna þau í stjórnir náttúrustofanna.

3. Aukin samvinna við Náttúrufræðistofnun og aðrar stofnanir UAR

Mikilvægt er að auka samstarf við Náttúrufræðistofnun (NÍ) og Umhverfisstofnun (UST). Nú er samstarf við þessar stofnanir óformlegt. Engin sérstök verkefni eru skilgreind og það er háð einstökum starfmönnum þessara stofnana og náttúrustofa hvert samstarfið er. Víða er samstarfið nefnt í lögum. Í lögum um NÍ og náttúrustofur er t.d. talað um að forstöðumennirnir hittist árlega til að samræma starfsemina. Það er þó ekki svo í reynd. Í náttúruverndarlögum er tilgreint frekara samstarf náttúrustofa við bæði UST og NÍ um náttúruvernd og vöktun. Samstarfið byggir á því að þessar stofnanir ríkisins ákveða sjálfar hvort þær leita til náttúrustofanna með verkefni á þessum sviðum. Náttúrustofur hafa ekkert um það að segja.

NÍ hefur fengið aukið hlutverk sem stjórnsýslustofnun í nýjum náttúruverndarlögum. Þessar breytingar kalla á aukið samstarf stofnana á sviði náttúrufræðisrannsókna sem heyra undir UAR og þar liggja ótvírætt aukin sóknarfæri fyrir náttúrustofur að taka að sér rannsóknir og ráðgjöf í tengslum við framkvæmdir

Styrkja NÍ – aukið fjármagn til rannsókna og vöktunar á náttúru Íslands

Í takt við stefnu í opinberum fjármálum 2017-2021 um áherslur og aðgerðir í rannsóknum og vöktun á náttúru Íslands er mikilvægt að efla miðlægt hlutverk NÍ, sem hefur yfirumsjón með því að staðla aðferðir við rannsóknir og skráningu á náttúru Íslands og að varðveita sýni og grunn gögn í gagnagrunnum sem eru aðgengilegir öllum. Eðlilegt er að náttúrustofur verði hluti af samstarfsneti UAR um vöktun og rannsóknir á náttúru Íslands eins og talað er um í stefnumörkuninni, enda eru þær staðsettar nálægt viðfangsefnunum. Það er bæði hagkvæmt

og vistvænt að nýta slíka nálægð. Á sama tíma er það leið til að dreifa störfum um landið sem fellur vel að stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem fjallar m.a. um jafnvægi í viðtækri merkingu, framsýni, kraftmikið og samkeppnishæft atvinnulíf fyrir íbúa um allt land, og fyrirhugaðar markvissar aðgerðir til að treysta byggð í landinu. Ljóst er að auknum verkefnum í rannsókum og vöktun á náttúru Íslands þarf að fylgja aukið fjármagn frá ríki til stofnana UAR og náttúrustofa.

Í maí 2017, forstöðumenn náttúrustofa

*Bjarni Jónsson, Náttúrustofu Norðvesturlands,
Ingvar Atli Sigurðsson, Náttúrustofu Suðurlands
Kristín Ágústsdóttir, Náttúrustofu Austurlands
Kristín Hermannsdóttir, Náttúrustofu Suðausturlands
Nancy Bechtloff, Náttúrustofu Vestfjarða
Ó. Sindri Gíslason, Náttúrustofu Suðvesturlands
Róbert Arnar Stefánsson, Náttúrustofu Vesturlands
Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Náttúrustofu Norðausturlands*